

L Ö G

49

um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann
Vilborgu Herjólfsdóttur.

16. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur og selja hann félagi, er stofnað verður um útgerð togarans sameiginlega af Húsavíkurkaupstað, Ólafstjarðarkaupstað og Sauðárkrókskaupstað. Er ríkisstjórninni heimilt í þessu skyni að lána allt að kr. 450 000.00 og að ábyrgjast lán allt að kr. 2 750 000.00 gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

50

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa
fyrir Neskaupstað.

16. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til kaupa á nýjum dieseltogara fyrir bæjarsjóð Neskaupstaðar eða félag, sem stofnað verður í kaupstaðnum um rekstur togarans. Ábyrgð má veita fyrir allt að 85% af kostnaðarverði skipsins, þó eigi fyrir meiri fjárhæð en 9 milljónum króna.

Ef bæjarsjóður verður eigi kaupandi, heldur sérstakt félag, er áskilið, að bæjarsjóður sé í sjálfskuldarábyrgð gagnvart ríkissjóði fyrir skuldbindingum þeim, er ríkissjóður tekst á hendur félagið.

Auk þess, sem að framan greinir, er ábyrgðin háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þar á meðal um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.